

Fundargerð stjórnar GLÍ

Stjórn kosin 28. september 2025

Fundur 1, haldinn sunnudaginn 28 sept. á skrifstofu GLÍ kl. 16:00

Mættir; Rögnvaldur Ólafsson, formaður, Kjartan Lárusson og Sigurjón Leifsson úr aðalstjórn. Auk þeirra varamenn í stjórn, Atli Már Sigmarsson og Helgi Bjarnason.

1. Stjórn skiptir með sér verkum.

Rögnvaldur gerir þá tillögu að stjórn skipi þannig með sér verkum:

- Kjartan Lárusson, varaformaður
- Lambi Haraldsson, meðstjórnandi
- Sigmundur Stefánsson, gjaldkeri
- Sigurjón Leifsson, ritari

Þessi tillaga er *samþykkt* samhljóða.

Varamenn í stjórn verða kallaðir inn í stjórn skv. þeirri röð sem þeir voru kosnir á Glímuþingi. Fyrstur kemur inn Atli Már, annar er Marteinn og Helgi þriðji.

2. **Stjórnarfundir.** Formaður leggur til að varamenn verði boðaðir á alla fundi og hafi þar tillögurétt og málfrelsi en ekki mætingaskyldu. Vanti aðalmann úr stjórn á stjórnarfund, koma varamenn inn í þeirri röð sem tiltekin var undir lið 1.

Samþykkt samhljóða.

3. **Nefndir**

Kjartan verði formaður **mótanefndar**. Guðjón Magnússon verður í nefndinni og þeir finna þriðja mann og leggja tillögu fyrir stjórn.

Útanríkisnefnd verði undir formennsku Sigurjóns. Hann finnur tvo aðra til að vera í nefndinni og gerir tillögu um þá til stjórnar.

Lambi verður formaður **Minjasafnsnefndar**. Aðrir í nefndinni verða Helgi Bjarnason og Jón M. Ívarsson.

Laganefnd. Formaður verður Atli Már. Hann gerir tillögu að öðrum í nefndina. Fyrsta verkefni verður að setja samþykktar breytingar á glímulögum inn í miðlæga útgáfu og sama gildir um ýmsar reglugerðir. Endurskoða þarf margar reglugerðir, ekki síst gildandi reglu gerð um glímukeppni.

Rögnvaldur tekur að sér formennsku í **Fræðslu- og útbreiðslunefnd**. Eva Dögg hefur samþykkt að taka sæti í nefndinni. Ganga þyrfti frá mönnun nefnda á næsta stjórnarfund.

4. **Fjármál**

Staða fjármála er óljós. Á þingi kom fram að innstæður á reikningum væru yfir 4 milljónir en engar upplýsingar liggja fyrir um útistandandi skuldir né ógreiddar kröfur frá GLÍ. Það verður eitt af verkefnum nýs gjaldkera að taka saman stöðuna eins og hún er núna, þegar ný stjórn tekur við.

Hvaða kröfur eru frá fyrri framkvæmdastjóra og hvaða samskipti hafa verið við kröfuhafa, er einnig óljóst. Kjartan tekur fyrsta snúning á því máli.

5. **Tíðni og tímasetning funda**

Þar sem vantar tvo aðalstjórnarmenn á fundinn, er ekki hægt að ákveða fastan fundardag né fundartíma. Lagt verður upp með að hittast a.m.k. annan hvern þriðjudag og næsti formlegi fundur verði þriðjudaginn 6. október n.k.